

M-121/2011. Álit 12. apríl 2012.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. apríl 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-121/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 12. desember 2011 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á sturtustangarsetti af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að fá sturtustangarsettið endurgreitt í formi peninga en ekki í formi inneignarnótu.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 13. desember 2011, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 29. desember 2011. Hinn 9. janúar 2012 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Hann nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum sínum 10. janúar 2012. Seljandi fékk athugasemdir álitsbeiðanda sendar til upplýsinga þann 18. janúar 2012 og var einnig gefinn kostur á að koma sínum athugasemdum á framfæri við nefndina ef einhverjar væru. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdir hans 2. febrúar 2012. Álitsbeiðandi fékk athugasemdir seljanda sendar þann 6. febrúar 2012 og bent á heimild hans til að hafa uppi enn frekari athugasemdir.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt sturtuklefa og sturtustangarsett hjá seljanda þann 28. september 2011. Í álitsbeiðninni segir: „Klefinn sem ég keypti reyndist síðan ekki passa í baðherbergið eins og sagt hafið verið þar sem gert var ráð fyrir því að blöndunartæki væru vinstra megin í klefanum en þegar á hólminn var komið var gert ráð fyrir að tækin væru hægra megin í klefanum.“ Leið rúmur mánuður frá kaupunum þar til þetta kom í ljós þar sem álitsbeiðandi hafði ekki tök á því að fá pípura fyrir í málið. Samkvæmt reikningi, dags. 28. september 2011, sem fylgdi álitsbeiðninni kemur fram að álitsbeiðandi keypti 90 cm. sturtuklefa með festingu á kr. 63.056. Á reikningum sést einnig að álitsbeiðandi keypti sturtustangarsett á kr. 42.003. Af þessu fær álitsbeiðandi kr. 5.253 í afslátt og greiðir því samtals kr. 99.800.

Þegar álitsbeiðanda varð ljóst að klefinn nýttist ekki, fór hann með klefann aftur til seljanda en sá þar uppsettan klefa með blöndunartækin vinstra megin líkt og álitsbeiðanda vantaði. Kvaðst seljandi þó aðeins eiga á lager klefa sem væri með blöndunartækjunum hægra megin. Fékk því álitsbeiðandi að skila klefanum og fékk hann klefann að fullu endurgreiddan. Á posastrimli sem fylgir með álitsbeiðninni kemur fram að álitsbeiðandi hafi fengið kr. 59.900 endurgreiddar frá seljanda þann 3. nóvember 2011.

Kveðst álitsbeiðandi hafa spurt seljanda sérstaklega hvort að hann ætti annan klefa sem passað gæti inn hjá álitsbeiðanda en seljandi kvað svo ekki vera.

Álitsbeiðandi hugðist einnig skila sturtustangarsetti sem hann hafði keypt hjá seljanda og hafði verið hugsað til að passa í umræddan sturtuklefa. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafði þá talað sig inn á að halda sturtustangarsettinu og sjá til hvort það passaði í klefa sem hann myndi kaupa annars staðar. Féllst álitsbeiðandi á þetta.

Álitsbeiðandi kveðst síðan hafa keypt sér sturtuklefa í Z og þegar búíð var að setja hann upp kom í ljós að sturtustangarsettið passaði ekki í þann klefa. Fór því álitsbeiðandi með settið til seljanda aftur. Var honum þar tjáð að seljandi gæti ekki tekið settið til baka þar sem seljandi hefði nýverið selt sýniseintak af settinu og hefði því ekkert við settið að gera. Álitsbeiðandi segir seljandi hafa lofað að taka við tækjunum aftur ef þau pössuðu ekki í nýja sturtuklefann. Á endanum féllst seljandi á að taka settið tilbaka en gegn inneignarnótu. Kveðst álitsbeiðandi ekkert hafa við inneignarnótu að gera, þar sem hann sé búinn að kaupa sér nýjan sturtuklefa og tæki sem pössuðu í hann og væri ekkert á leiðinni að endurnýja neitt annað á baðherberginu hjá sér. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi tjáð honum að það væri ekki hans vandamál. Kveðst álitsbeiðandi þá hafa tekið við inneignarnótunni til að hafa eitthvað í höndunum. Meðfylgjandi álitsbeiðninni er reikningur dags. 9. nóvember 2011. Á reikningnum koma fram kaup álitsbeiðanda á sturtustangarsettinu að fjárhæð kr. 39.900 og verður að líta svo á að sá reikningur gildi sem inneignarnóta.

Gerir álitsbeiðandi kröfu um að fá sturtustangarsettið endurgreitt í formi peninga en ekki inneignarnótu. Kveðst hann hafa fengið rangar upplýsingar og ranglega afgreidda vöru hjá seljanda og hafi því ekkert haft við sturtustangarsettið að gera. Álitsbeiðandi álfur því að seljanda beri að endurgreiða sér settið.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a. orðrétt:

„X kaupir Sturtuklefa hjá okkur, en hans [svo] starfsmaður vildi ekki snúa baki klefans. Við tókum klefan [svo] og endurgreiddum, og ítrekað spurðum hvort hann vildi ekki skila blöndunartækjunum líka. Ítrekuninn [svo] var vegna þess að þessi tæki voru að seljast upp, og munu ekki koma aftur í bráð, vegna verðhækkunar. Það skal tekið fram að þetta eru hefðbundin blöndunartæki með ömmustöng, ekki neitt sér fyrir sturtuklefa sem slíkt. Þegar X kemur að lokum 9-11 og vill fá endurgreitt, eru þessi tæki uppseld, og sýnishornið einnig selt með 15% afslætti. Þá er ákveðið þrátt fyrir að skilafrestur sé út runnin að gera inneignarnótu fyrir fullt verð. Ef X vill bíða og við seljum tækin sem sýnishorn, sem ekki er hægt öðruvísi þar sem um eitt einstakt tæki er að ræða. Skulum við skoða það.“

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda segir orðrétt:

„Þau vildu endilega að ég geymdi tækin til að sjá hvort að þau pössuðu ekki í þann klefa sem ég keypti, kannski einmitt af því að þau voru að seljast upp. Að halda því fram að þau hafi reynt að fá mig til að skila þeim er fásinna og hrein og beinn uppspuni.“

VI

Frekari athugasemdir seljanda

Í frekari athugasemdum seljanda segir m.a. orðrétt:

„Svar X að við hann var rétt, einnig hann var ekki að koma um hæl með tækið þrátt fyrir að hann væri með skrifað skilafrest á nótu. Píparinn beið heima eftir að setja upp klefan [svo] sem han [svo] kaupir í húsasmiðjunni [svo].“

Þá fylgja með athugasemdum seljanda reglur hans um skilarétt, gjafabréf, innleggsnótur og ábyrgðir.

Þar segir m.a. orðrétt:

„SKILARÉTTUR.

Vörum er hægt að skila innan 15. daga gegn innleggsnótu eða úttekt á annari [svo] vöru. Varan þarf að vera í upprunalegu ástandi ónotuð í söluumbúðum. Framvísa þarf kvittun eða annari [svo] sönnun um kaup á vörunni innan skilafrest. Sé vöru skilað sem er komin á útsölu eða tilboð gildir lægra verðið.

Ekki er hægt að skila sérvörum eða sérsníðarivöru [svo].

GJAFABRÉF OG INNLEGGSNÓTUR.

Gildistími gjafabréf og innleggsnótu er 2.ár. Innleggsnótur er aðeins unnt að nota á útsölum er þær hafa verið gefnar út 14 dögum fyrir útsölubyrjun.“

Þess ber að geta að á reikningum sem fylgdu álitsbeiðninni koma sömu upplýsingar einnig fram en þar segir neðst á hverjum reikning:

„Skilafrestur er 15 dagar gegn framvísun reiknings, nema á útsöluvörum. Engin endurgreiðsla, aðeins inneignarnóta. Þökkum viðskiptin.“

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1.- 3. mgr. 1. gr. laganna.

Álitsbeiðandi krefst þess að fá sturtustangarsettið endurgreitt í formi peninga en ekki í formi inneignarnótu. Styður hann þá kröfu sína því að hann hafi fengið rangar upplýsingar og ranglega afgreidda vöru hjá seljanda og hafi því ekkert við sturtustangarsettið að gera.

Kærunefndin álítur að byggja megi á því að álitsbeiðandi hafi sannanlega ætlað að skila sturtustangarsettinu þegar hann skilaði sturtuklefanum en fallist á að bíða með að skila því þar til útséð væri með það að hann gæti ekki notað það í nýjan sturtuklefa. Hafi hann byggt þessa ákvörðun á upplýsingum frá seljanda þess efnis að ef settið nýttist honum ekki gæti hann skilað því. Hafi hann því tekið við sturtustangarsettinu á þeirri meginforsendu að ef það passaði ekki í nýjan sturtuklefa gæti hann skilað því.

Í 15. gr. laganna er fjallað um þá eiginleika sem söluhlutur skal hafa sé ekki sérstaklega um þá samið. Í a-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaði til. Þá segir í c-lið 2. mgr. 15. gr. að söluhlutur skuli henta í ákveðnum tilgangi sem seljandi vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess. Fullnægi söluhlutur ekki þeim skilyrðum sem upp eru talin í 15. gr. telst hann gallaður samkvæmt ákvæðum a- lið 1. mgr. 16. gr. laganna. Þá segir í b-lið 1. mgr. 16. gr. að söluhlutur teljist einnig gallaður ef seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan

hafi haft áhrif á kaupin.

Í VI. kafla laga nr. 48/2003 um neytendakaup er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut. Eitt þeirra úrræða er að krefjast riftunar á kaupum, sbr. d-lið 2. mgr. 26. gr. laganna, ef gallinn er ekki óverulegur, sbr. 32. gr. Við mat á því hvort að galli sé óverulegur þarf að eiga sér stað ákveðið heildarmat þar sem m.a. er litið til atvika máls og þess hvort að unnt sé að bæta úr gallanum eða ekki. Þegar gögn málsins og samskipti aðila eru skoðuð, má sjá að á fyrri stigum málsins lýsti seljandi sig tilbúinn til að reyna að selja sturtustangarsettið sem sýnishorn ef álitsbeiðandi gæti „beðið“. Þá er það ljóst af gögnum málsins að sturtustangarsettið var ætlað til notkunar með sturtuklefanum, sem álitsbeiðandi keypti upphaflega hjá seljanda, og hefði álitsbeiðandi skilað því með klefanum ef ekki hefði verið fyrir upplýsingar frá seljanda.

Er það því mat kærufndar lausfjár- og þjónustukaupa að sturtustangarsettið hafi verið gallað í skilningi a- og b-liðar 16. gr., sbr. 15. gr. laganna og geti gallinn ekki talist óverulegur. Verður því að fallast riftunarheimild álitsbeiðanda.

Riftun hefur það í för með sér að aðiljum ber að skila því sem mótttekið hefur verið, sbr. 2. mgr. 49. gr. Hefur álitsbeiðandi nú þegar skilað sturtustangarsettinu. Er það því niðurstaða kærufndar lausfjár- og þjónustukaupa að seljanda beri að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverð sturtustangarsettsins, kr. 39.900,.

VIII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 39.900.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir